

71

18. apríl

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamningsins milli Íslands og Kúba.

Hinn 7. apríl 1961 var undirritaður í New York samningur um að framlengja viðskiptasamning Íslands og Kúbu frá 3. október 1955 óbreyttan til 3. október 1964.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 18. apríl 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

72

25. apríl

AUGLÝSING

um samning um menningar-, vísinda- og tæknisamvinnu milli Íslands og Sovétríkjanna.

Hinn 25. apríl 1961 var undirritaður í Reykjavík samningur um menningar-, vísinda- og tæknisamvinnu milli Íslands og Sovétríkjanna.

Samningurinn, sem prentaður er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, gekk í gildi við undirritun og gildir þar til 6 mánuðir eru liðnir frá því að annar hvor samningsaðili segir honum upp.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 25. apríl 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um menningar-, vísinda- og tæknisamvinnu milli Íslands og Sovétríkjanna.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Sovétríkjanna, er óska að efla menningar-, vísinda- og tæknitengsl milli þessara landa með það fyrir augum að styrkja enn vinsamlega sambúð milli íslenzku þjóðarinnar og Sovétþjóðanna, og hafa í huga óskir beggja landanna um friðsamlega sambúð, hafa ákveðið að gera samning þennan:

1. gr.

Samningsaðilar munu á allan hátt stuðla að eflingu menningar-, vísinda- og tæknisamvinnu milli landanna á grundvelli meginreglanna um virðingu fyrir fullveldi, afskiptaleysi af innanríkismálum, jafnrétti og vinsamleg samskipti.

2. gr.

72

25. apríl

Samningsaðilar munu stuðla að eflingu samvinnu og samskipta á sviði vísinda, tækni, æðri menntunar, fræðslumála, leiklistar, kvikmynda, bókmennta, myndlista og hljómlistar, með því að greiða fyrir ferðum sendinefnda og einstakra fulltrúa menningarmála, vísindamanna, kennslufrömuða, stúdenta og sérfræðinga, með því að greiða fyrir ferðum listamanna til hljómleikahalds og fyrir sýningum, svo og með því að greiða fyrir þýðingum og útgáfum í báðum löndum á skáldverkum og vísinda- og tækniritum hins landsins.

3. gr.

Samningsaðilar munu, eftir því sem um semur, greiða fyrir skiptum á sendinefndum úr hópi félagssamtaka, er starfa að vináttu- og menningarsamskiptum, samtaka verkamanna, verkalýðsfélaga, æskulýðssamtaka og annarra samtaka, sem óbundin eru ríkisstjórnnum, á Íslandi og í Sovétríkjunum, í því skyni að öðlast reynslu af og kynnast menningar- og félagslífi hins landsins, enda taki umrædd samtök ákvörðun og framkvæmd slíkra skipta.

4. gr.

Samningsaðilar, er telja mjög þýðingarmikið, að aukning verði á ferðamanna-skiptum milli landanna, þar eð slíkt tengir þjóðirnar nánari böndum, munu stuðla að ferðalögum eins margra ferðamanna til hins landsins og mögulegt er, og veita þeim hvers konar fyrirgreiðslu, er þeir ferðast með það fyrir augum að kynnast lífi, starfi og menningu þjóðanna.

5. gr.

Þær menningar-, vísinda-, íþrótt- og aðrar stofnanir, sem með slík mál fara í hvoru landi um sig, skulu undirbúa og framkvæma virkar ráðstafanir samkvæmt samningi þessum.

6. gr.

Samningur þessi gengur í gildi við undirskrift og heldur gildi sínu unz 6 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er annarhvor samningsaðili tilkynnir hinum ósk sína um að hann falli úr gildi.

Hann er gerður í Reykjavík 25. apríl 1961, í tveimur eintökum, báðum á íslenzku og rússnesku, og eru textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Sovétríkjanna

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands

A. M. Alexandrov.

Guðm. Í. Guðmundsson.